


Gjaldprot

Lausleg athugun á gjaldprotum á Íslandi




AFLVAKI
REYKJAVÍKUR

Apríl 1995

Samantekt:
Haraldur L. Haraldsson
hagfræðingur

Viðauki og skýringar.

- Í skýrslunni er upplýst að 2.595 félög hafa orðið gjaldþrota á sl. 10 árum (1985-1994).
- Skv. fyrirbyggjandi upplýsingum um samþykktar og frágengnar kröfur vegna þessara gjaldþrota nema þær allt að 57,5 milljörðum á desemberverðlagi 1994. Þá er hins vegar ólokið skiptum í 568 þrotabúum af samtals 2.595. Sé dregin ályktun af þeim ca. 100 búum sem síðast komu til formlegra skiptaloka sýnist heildarupphæð samþykktra og frágenginna krafna á þessu 10 ára tímabili geta numið um **94,2 milljörðum** á desemberverðlagi 1994.
- Áætla má að meðaltalseignir þrotabúa nemi að hámarki um 15% krafna og að beint tap vegna þessara gjaldþrota geti því numið allt að 80 milljörðum. Er þá ótalið tap vegna nauðasamninga, annarra niðurfellinga skulda, tapaðs hlutafjár og framlaga og umframskuldbindinga rekstraraðilanna sjálfra, sem hækkar heildartapið til muna. Þá eru einnig ótalin þau félög sem hafa verið seld eða hætt rekstri eftir mikið tap, sem rekstraraðilar og m.a. ýmsir veðlánendur hafa borið.

Tilgangur þessarar yfirlitsskýrslu er kortlagning á upplýsingum um gjaldþrot, aðgengileika þeirra og úrvinnslumöguleika. Ýmis viðhorf og skoðanir sem settar eru fram af skýrsluhöfundum tengjast ekki endilega rannsóknarverkefninu sem slíku.

Aflvaki Reykjavíkur hf.

Að beiðni Aflvaka Reykjavíkur hf. hef ég tekið saman yfirlit yfir hvaða tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um gjaldþrot fyrirtækja á liðnum árum.

Listi yfir þær upplýsingar fylgir hjálagt í heimildaskrá.

Ég hef skoðað og metið fyrirbyggjandi upplýsingar til að greina með hvaða hætti unnt er að nýta þær til greiningar á umfangi og eðli þess mikla fjölda gjaldþrota sem dunið hafa yfir á liðnum árum. *Með svo ítarlegar upplýsingar er spurt hvort ekki megi draga af þeim lærdóm til að fyrirbyggja tilefnislaus eða tilefnislítill gjaldþrot m.a. með breyttu verklagi og/eða skipulagsbreytingu í stoðkerfi atvinnulífsins, fjármálastofnana o.s.frv.*

Það er von mín að meðfylgjandi yfirlit og ábendingar mínar geti komið að gagni og vakið áhuga viðkomandi til þess að skilgreina og ráðast í auknar rannsóknir á gjaldþrotum, orsökum þeirra og afleiðingum.

Í því sambandi er bent á eftirfarandi:

- Ítarlegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um gjaldþrot á Íslandi frá 1960 til dagsins í dag. Fram til ársins 1987 liggja fyrir upplýsingar bæði um félög og einstaklinga en eftir 1985 á tölvutæku formi um félög, sem hreinlega kalla á frekari rannsóknir.
- Á 24 árum (frá 1960 til 1983) voru að meðaltali 100 einstaklingar og félög lýst gjaldþrota á ári eða samtals 2.380 gjaldþrotaúrskurðir. Þar af voru félög 795 eða að meðaltali 33 á ári. *Á næstu ellefu árum (1984 til 1994) voru 2,672 félög lýst gjaldþrota, eða að meðaltali 243 félög á ári (aukning um 210 félög á ári frá fyrra tímabilinu).*
- Kröfur í þrotabú hafa vaxið og voru þær um 10,3 milljarðar kr. á árinu 1991. Á sama tíma hefur hlutfallslega minna fengist greitt úr þrotabúum. *Eru fyrirtæki löngu komin í þrot áður en þau eru lýst gjaldþrota? Má rekja þessa þróun til þess að lögum um hlutafélög er ekki framfylgt?*
- Verulegar sveiflur hafa verið á milli ára í aldri þeirra félaga, sem lýst hafa verið gjaldþrota. Af gjaldþrota félögum 1985 til 1994 voru 56% fimm ára og yngri en einungis 22% tíu ára og eldri. Á sama tíma var veruleg aukning í nýskráningu hlutafélaga. *Hvað segir þetta um nýgengi félaga?*
- Hjá 2.545 félögum, sem lýst voru gjaldþrota 1985 til 1994 var sami aðili stjórnarformaður í tveimur eða fleiri félögum í 345 skipti eða hjá 819 félögum, sem er um 32%. *Í tveimur tilfellum var sami aðili stjórnarformaður í sjö félögum.*
- Fjöldi gjaldþrota í einstökum atvinnugreinum er mismunandi. Heildverslun sker sig úr með um 385 gjaldþrot á tíu ára tímabili, eða að meðaltali ein

heildverslun á tíu daga fresti. Næst flest gjaldþrot voru hjá fyrirtækjum í byggingastarfsemi eða 238.

- Verulegar sveiflur eru á milli landshluta 1985 til 1994. Í Reykjavík voru 14,5 gjaldþrot félaga á hverja 1,000 íbúa á tímabilinu og á Vestfjörðum 11,7 en á Austurlandi 5,0. Miðað er við íbúafjölda 1. des. 1994. Til frekari samanburðar þarf að skoða fjölda félaga í hverri starfsgrein fyrir sig í hverjum landshluta.

Hvað veldur því t.d. að mun færri gjaldþrot eru á Austurlandi en á Vestfjörðum?

- Skuldir heimila hafa 3,6 faldast á tíu ára tímabili. Þær hafa aukist sem hlutfall af landsframleiðslu úr 23% árið 1983 í 64% árið 1993, eða nær þrefaldast. Heimilin hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem nemur a.m.k. 8.0 milljarða kr á s.l. árum, miðað við veitt greiðsluerfiðleikalán og vanskil hjá Húsnæðisstofnun ríkisins um síðustu áramót. Þetta jafngildir um 5% af heildarútlánnum stofnunarinnar.

Hefur toppnum í útlánatöpum fyrirtækja verið náð á sama tíma og útlánatöpum vegna heimila eiga eftir að aukast verulega?


- Útlánatöpum sparisjóða hefur verið minna en viðskiptabanka. Útlánatöpum íbúðalánasjóða hefur verið vel innan við 0,2% af útlánnum, sem er í engu samræmi við útlánatöpum viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjárfestingarlánasjóða. *Að þessu leyti er íslenska útlánakerfið nokkuð sérstakt í samanburði við t.d. Norðurlöndin, þ.e. útlánatöpum vegna húsnæðislána hefur verið mun minna hér á landi.*

- Skuldir sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða eru vaxandi vandamál. Dæmi er um að 18% af íbúðarhúsnæði í sveitarfélagi sé í eigu eða í vörslu þess. Söluverð þessara íbúða skv. lögum er ekki í takt við markaðsverð þeirra. Í framangreindu dæmi er það mat sveitarstjórans að til þess að þessar íbúðir seljist þurfi að lækka söluverð þeirra um a.m.k. 60 millj. kr. Ef selja ætti þær á almennum markaði þyrfti söluverð þeirra að lækka um a.m.k. 100 millj. kr. *Hver á að bera þennan kostnað, sveitarfélögin, ríkissjóður eða heimilin?*

- Í samanburði á milli ríkja Norðurlanda kemur Ísland vel út hvað varðar útlánatöpum í bankakerfinu. Er það merki um sérstöðu íslenska bankakerfisins eða endurspeglar það ríkisforsjá? Stofnaðir hafa verið ýmsir "vandræðasjóðir" af ríkinu. Þessir sjóðir hafa veitt ný lán til greiðslu vanskila vegna tiltekinna fyrirtækja/atvinnugreina, sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum.

A.m.k. 65% af útlánastarfsemi í landinu er á vegum hins opinbera. Hvaða áhrif hefur það haft á markaðinn og þá gjaldþrot fyrirtækja? Ber að hraða einkavæðingu fjármagnsmarkaðarins enn frekar en gert hefur verið?

Reykjavík, 20. apríl 1995.



Haraldur L. Haraldsson.

EFNISYFIRLIT

1. Lausleg athugun á gjaldþrotum á Íslandi	1
2. Gjaldþrotaúrskurðir 1960 til 1983	2
3. Gjaldþrot félaga eftir 1984	3
Kröfur á þrotabú og úthlutun úr þeim	3
Aldur gjaldþrota félaga og nýskráning hlutafélaga	4
Gjaldþrot eftir atvinnugreinum	4
Gjaldþrot 1985 til 1994 skipt eftir landshlutum	5
Athugun á fylgni ýmissa hagstærða við gjaldþrot	5
4. Erfiðleikar fjármagnsmarkaðarins	5
Kreppa í bankakerfinu	5
Séreinkenni íslenskra innlánastofnana og fjárfestingalánasjóða	6
Félagslega íbúakerfið	7
5. Afkoma íslenska bankakerfisins í samanburði við hin ríki Norðurlandanna	7
6. Hvaða áhrif hafa fjármögnunarleigufyrirtæki haft?	8
7. Heimildaskrá	10
8. Töflur:	
Tafla 1 Gjaldþrot félaga á Íslandi 1985 til 1994	
Tafla 2 Fjöldi gjaldþrota félaga 1985-1994, skipt eftir landshlutum	
9. Línurit:	
Mynd 1 Gjaldþrotaúrskurðir 1960-1994	
Mynd 2 Kröfur á gjaldþrotabú og úthlutun úr þeim 1985-1994	
Mynd 3 Aldur félaga við gjaldþrot	
Mynd 4 Aldursskipting gjaldþrota félaga 1985 til 1994	
Mynd 5 Fjöldi gjaldþrota félaga, skipt eftir aldri (1985-1994)	
Mynd 6 Aldursskipting gjaldþrota félaga 1985 til 1994	
Mynd 7 Nýskráning hlutafélaga 1984 til 1993 og gjaldþrot félaga 1985-1994	
Mynd 8 Gjaldþrot og kröfur eftir atvinnugreinum 1985-1994	
Mynd 9 Fjöldi gjaldþrota 1985 - 1994, skipt eftir landshlutum	
Mynd 10 Fjöldi gjaldþrota félaga 1960 til 1994	

Lausleg athugun á gjaldþrotum á Íslandi

Ítarlegar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um gjaldþrot hér á landi frá árinu 1960 og fram til dagsins í dag. Upplýsingar um tímabilið frá 1960 til 1974 eru að finna í grein eftir Eirík Tómasson, nú lagaprófessor, í Tímariti lögfræðinga árið 1976 og um tímabilið 1975 til 1987 í kandidatsritgerð eftir Stefán Aðalsteinsson, viðskiptafræðing. Þessar upplýsingar ná jafnt yfir einstaklinga og félög. Frá árinu 1985 hefur Hagstofa Íslands safnað upplýsingum um gjaldþrot félaga á tölvutæku formi. Þær eru mun ítarlegri en hjá framangreindum aðilum, en ná aftur á móti ekki yfir einstaklinga. Ekki er kunnugt um samandregnar upplýsingar um gjaldþrot einstaklinga eftir árið 1987 og fram til 1. júlí 1992. Eftir þann tíma hefur dómsmálaráðuneytið safnað saman upplýsingum um gjaldþrot einstaklinga og félaga. Upplýsingum um gjaldþrot einstaklinga eftir 1987 og fram til 1. júlí 1992 er t.d. hægt að safna saman úr Lögbirtingablaðinu. Jafnframt má finna ítarlegar upplýsingar, sem tengjast gjaldþrotum í ýmsum skýrslum, sem gefnar hafa verið út m.a. af Seðlabanka Íslands (t.d. skýrslur um hagtölur, innlánsstofnanir og fjárfestingarlánasjóði).

Það leikur ekki nokkur vafi á að með frekari úrvinnslu þessara upplýsinga og viðtalskönnun meðal þeirra, sem hafa lent í gjaldþrotum og meðal starfsmanna fjármálastofnana sem og meðal starfsmanna hagsmunasamtaka, er hægt að draga fram og benda á hvað betur hefði mátt fara. Draga má af því lærdóm til að koma í veg fyrir að mistökin endurtaki sig. Úr þessum upplýsingum má m.a. lesa áhrif lagabreytinga á gjaldþrot, sveiflur í efnahag þjóðarinnar, tengsl einstaklinga og sveitarfélaga við gjaldþrot, tengsl lánastofnana og afleiðingar gjaldþrota á þær, áhrif lélegs eftirlits með bókhaldi fyrirtækja og loks áhrif "óábyrgra" uppáskrifta endurskoðenda á reikninga fyrirtækja. Þannig mætti áfram telja.

Hér á eftir verður dregið á þessi helstu atriði með ábendingum um frekari skoðun. Einungis hefur farið fram lausleg skoðun og því engar hagkannanir gerðar. Gögn voru skoðuð og rætt var við ýmsa aðila um málið. Með vísan til þessa er eftirfarandi sett fram.

Segja má að eftir árið 1984 verði stökkbreyting í fjölda og umfangi gjaldþrota á Íslandi. Frá sama tíma eru til ítarlegar upplýsingar á tölvutæku formi, sem áhugavert er að skoða. Upplýsingar um tímabilið fyrir árið 1985 eru þannig frekar til skoðunar í sögulegu samhengi.

Með svo ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot er spurt hvort ekki megi draga af þeim lærdóm til að fyrirbyggja tilefnislaus eða tilefnislítill gjaldþrot m.a. með skipulagsbreytingu í stoðkerfi atvinnulífisins, fjármálastofnana o.s.frv.

Gjaldþrotáúrskurðir 1960 til 1983

Á 24 ára tímabili frá 1960 til 1983 að báðum árum meðtöldum voru gjaldþrot á Íslandi að meðaltali um 100 á ári. Þau voru vel innan við 100 fram til ársins 1967. Eftir það fjölgaði þeim nokkuð frá því að vera flest árið 1969 eða 169, í kjölfar kreppunar, í að vera fæst 75 árið 1972. Þannig hafa verið miklar sveiflur á tímabilinu þegar tekin er saman fjöldi gjaldþrota. Úr þessum upplýsingum má lesa sterka fylgni á milli samdráttarskeiða í þjóðarbúskapnum og fjölda gjaldþrota. Í kjölfar samdráttarins 1967, 1968, 1975, 1982 og 1983 er veruleg aukning gjaldþrota. Á tímabilinu voru gjaldþrotáúrskurðir 2.380, þar af 1.585 einstaklingar eða 67% og félög 795 eða 33%. Þegar gjaldþrot einstaklinga og félaga eru borin saman kemur í ljós að sveiflur í gjaldþrotum hjá félögum voru aðrar en hjá einstaklingum og að samdráttarskeið komu verr niður á einstaklingum en félögum (sjá mynd 1). Einungis á tímabilinu 1978 til 1982 voru fleiri félög en einstaklingar tekin til gjaldþrotaskipta. Af þeim þrotabúum, sem skiptum var lokið á, var í innan við 15% tilfella um greiðslur úr þeim að ræða. Nauðasamningum var sjaldan beitt eða samtals 3 sinnum.

Helstu niðurstöður í kandidatsritgerð Stefáns Aðalsteinssonar, viðskiptafræðings, um gjaldþrot 1960 til 1987 eru:

1. Aðrar sveiflur eru í gjaldþrotáúrskurðum félaga en einstaklinga.
2. Fleiri hlutafélög virðast lenda í gjaldþrotáúrskurðum héraðs en erlendis.
3. Mjög stór hluti gjaldþrotabúa er eignalaus og kröfur í eignalaus bú virðast fara hækkandi.
4. Þegar úthlutun á sér stað úr búi gerist það oftast að almennir kröfuhafar fái eitthvað í sinn hlut. Oftast fá þeir þó fremur lítið og gæti þessi breyting stafað eingöngu af því, að skattskuldir teljast nú til almennra krafna í stað forgangskrafna. Ekki virðist hafa fjölgað þeim tilvikum, þar sem úthlutun á sér stað.
5. Gjaldþrotamálum, þar sem úthlutun á sér stað lýkur nú mun fyrr en áður. Það virðist reyndar eiga við um öll mál.
6. Tilgangur gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var sá, að bú kæmu fyrr til skipta, þannig að lánadrottnar fengju meira upp í kröfur sínar og mál gengju hraðar fyrir sig. Óvíst er hvort bú koma fyrr til skipta, en lánadrottnar virðast ekki fá meira greitt upp í kröfur sínar en áður. Skipti ganga þó mun hraðar fyrir sig en áður."

Gjaldþrot félaga eftir 1984

Eins og fram kemur hér að framan voru 795 félög lýst gjaldþrota á árunum 1960 til 1983, þ.e. að meðaltali um 33 félög á ári. Frá árinu 1984 til 1994 að báðum árum meðtöldum voru 2,672 félög lýst gjaldþrota eða að meðaltali um 243 félög á ári sem svarar aukning um 210 félög á ári í samanburði við fyrra tímabilið. Fróðlegt væri að skoða á sama hátt gjaldþrot einstaklinga en þau voru 1,585 eða að meðaltali 66 á ári á fyrra tímabilinu. Eins og fram hefur komið liggja ekki fyrir samanteknar upplýsingar um gjaldþrot einstaklinga eftir 1987 og fram til 1. júlí 1992.

Kröfur á þrotabú og úthlutun úr þeim

Við skoðun á töflu 1 og mynd 2 kemur í ljós að samhliða fjölgun þrotabúa hafa kröfur í búin aukist verulega. Að sama skapi virðast úthlutanir úr þeim lækka hlutfallslega. Ekki er óeðlilegt að draga af þessu þá ályktun að fyrirtæki, sem lýst hafa verið gjaldþrota, hafi verið komin í þrot löngu áður. Ef árið 1991 er tekið sem dæmi voru kröfur í þrotabú um 10,3 milljarðar króna, en úthlutun úr þeim innan við 400 millj. kr. Rétt er að geta þess að á árinu var skiptum ólokið skv. skrá hjá 35 félögum af 318, þannig að búast má við að upphæðir hafi breyst og þá til hækkunar.

Það var almennt álit þeirra einstaklinga sem við var rætt, að íslensk lög um hlutafélög væru ágæt og að ekki væri hægt að rekja þetta vandamál til þeirra. Fremur væri hér um að ræða brot á framkvæmd laganna. Lögin hafi verið þverbrotin, ársreikningar fyrirtækja ekki gerðir, ekki hafi reynt á ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtækjum og aðilar vinni sig oft á tíðum létt útúr vandanum með því (t.d.) að stofna ný félög og halda þannig áfram. Það er mat endurskoðenda að mun ítarlegri skoðun og rannsókn þurfi að fara fram á bókhaldi þrotabúa, en þegar hefur farið fram. Fyrrum skiptaráðandi í Reykjavík, Ragnar H. Hall, hefur löngum haldið því fram opinberlega, að reikningsskil hjá gjaldþrota fyrirtækjum hafi í mörgum tilvikum verið í molum, ársreikningar óendurskoðaðir eða að bókhald finnist alls ekki í mörgum tilfellum. Eftirfarandi tilvitnun er gott dæmi um algenga uppáskrift endurskoðenda á ársreikninga og uppgjör fyrirtækja:

"Ársreikningur þessi er saminn eftir bókhaldi félagsins, skýringum stjórnenda þess og fyrirliggjandi gögnum. Hann hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1991, efnahagsreikning 31. desember 1991, sjóðsstreymi og skýringar nr. 1 til 24. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd".

Ekki er óeðlilegt að spyrja hvort sterk fylgni geti verið á milli þessarar uppáskriftar endurskoðenda og gjaldþrota og hvort mögulegt sé að fyrirtækjum sé hreinlega haldið á floti á grundvelli þessa, með þeim afleiðingum að tap kröfuhafa verði enn meiri en ella. Hvaða gagn er af uppáskrift sem þessari?

Brýn þörf sýnist á að gerð verði ítarleg könnun á því hvernig uppáskrift endurskoðenda á uppgjör félaga er háttað og þá sérstaklega þeirra félaga sem lýst hafa verið gjaldþrota á undanförunum árum, ásamt því að skoða hvernig hlutafélagalögum hefur verið fylgt eftir.

Aldur gjaldþrota félaga og nýskráning hlutafélaga

Eins og fram kemur á mynd 3 eru verulegar sveiflur á milli ára í aldri félaga, sem lýst hafa verið gjaldþrota. Í öllum aldurshópum hefur orðið fjölgun. Hlutfallslega hefur fjölgunin verið minnst hjá fyrirtækjum 10 ára og eldri en meiri hjá yngri félögum. Samkvæmt mynd 4 hafa 56% af gjaldþrota félögum verið 5 ára og yngri en einungis 22% 10 ára og eldri á þessu tímabili, sem hlýtur að vekja upp margar spurningar um nýgengi fyrirtækja. Á mynd 5 og 6 er aldursgreiningin skýrð frekar. Á sama tíma og þetta er að gerast fjölgar nýskráningum hlutafélaga verulega, eins og fram kemur í töflu 1. Mynd 7 sýnir nokkra fylgni á milli stofnun nýrra hlutafélaga og gjaldþrota félaga með árs hliðrun, þ.e. samband á milli fjölda nýrra hlutafélaga og fjölda gjaldþrota félaga ári síðar. Þess ber að geta, að gömul félög hafa verið endurvakin með nýjum rekstri og oft orðið gjaldþrota fljótlega eftir það. Þannig má ætla að yngri félög, sem verða gjaldþrota, séu fleiri en fram kemur hér að framan og þá eldri færri.

Á tímabilinu 1985 til 1994 voru 2,595 gjaldþrot skráð hjá félögum, en þar af liggja ekki fyrir upplýsingar um stjórnarformenn hjá 50 félögum. Hjá þeim 2,545 félögum sem eftir standa var sami stjórnarformaður tvisvar eða oftari í 345 skipti eða hjá 819 félögum, sem er um 32% af félögunum, sem lýst voru gjaldþrota. Í tvö skipti var sami stjórnarformaður hjá sjö fyrirtækjum.

Má greina hér tengsl við það sem sagt var að framan, þ.e. að sömu aðilar virðast stofna nýtt hlutafélag eftir gjaldþrot annars og halda þannig áfram? Upplýsingar sem þessar hljóta að vekja upp margar spurningar, t.d. um meðalaldur þessara fyrirtækja, atvinnugrein þeirra, ástand bókhalds o.s.frv.

Gjaldþrot eftir atvinnugreinum

Við skoðun myndar 8 vekur athygli að í hópi 15 atvinnugreina, sem voru með flest gjaldþrot voru flest fyrirtæki í verslun og þjónustu. Jafnframt að kröfur í þrotabú í mörgum tilfellum voru mun lægri en ætla mætti. Líklega m.a. vegna þess að kröfur hafa ekki verið gerðar og jafnframt hafi farið fram verulegar afskriftir áður en til gjaldþrots hefur komið t.d. hjá opinberum sjóðum. Fjöldi gjaldþrota í hinum einstöku atvinnugreinum eru nokkuð mismunandi og jafnframt virðist ekki gefið, að fylgni sé á milli fjölda gjaldþrota og kröfuupphæða, sem gerðar eru í þau. Heildverslun sker sig nokkuð úr hvað varðar fjölda eða með 385 gjaldþrot á tíu ára tímabili. Næst flest gjaldþrot voru hjá fyrirtækjum í byggingastarfsemi eða 238 og svo í veitingarekstri eða 193. Hér er um að ræða atvinnugreinar í mikilli samkeppni og þá sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu, t.d. hefur veitingastöðum fjölgað gífurlega á síðustu árum, langt umfram eftirspurn. Það var mat þeirra, sem rætt var við að samkeppni hjá heildsölum komi m.a. fram í því, að þeir láni verulegan hlut af veltu sinni án ábyrgða og tapi þannig háum upphæðum, sem ætla má að hafi síðan í mörgum tilfellum leitt til gjaldþrota fyrirtækja.

Fróðlegt væri að skoða afleiðingar af gjaldþrotum fyrirtækja í byggingastarfsemi á undirverktaka. Jafnframt að skoða aðdraganda þessara gjaldþrota með tilliti til áhrifa á samkeppnisaðila, ásamt því að kafa enn dýpra ofan í gjaldþrot eftir atvinnugreinum, í hvaða landshluta þau hafa verið, greiðslur upp í kröfur o.s. frv.

Gjaldþrot 1985 til 1994 skipt eftir landshlutum

Tafla 2 og mynd 9 sýna fjölda gjaldþrota og fjölda gjaldþrota á hverja 1,000 íbúa skipt eftir landshlutum og stærstu sveitarfélögum landsins. Verulegar sveiflur hafa verið á milli landshluta, sem sést glögg með því að skoða fjölda gjaldþrota á hverja 1,000 íbúa. Flest gjaldþrot voru í Reykjavík eða 14,5 á hverja 1,000 íbúa. Sömuleiðis koma Vestfirðir illa út í þessum samanburði með 11,7 gjaldþrot. Athyglivert er að þrjár stærstu kaupstaðir, þ.e. Kópavogur, Hafnarfjörður og Akureyri koma nokkuð svipað út í samanburði. Akureyri einna síst með 8,2 gjaldþrot á hverja 1,000 íbúa, en hinir tveir kaupstaðir voru með 7,6 og 7,4 gjaldþrot. Norðurland eystra utan Akureyrar kemur best út í þessum samanburði með einungis 3,1 gjaldþrot. Ef Norðurland eystra er aftur á móti tekið í heild eru 6 gjaldþrot á hverja 1,000 íbúa. Við frekari samanburð þarf að hafa til hliðsjónar upplýsingar um fjölda félaga í einstökum starfsgreinum í hverjum landshluta fyrir sig. Á síðari árum hefur Landsbanki Íslands og (t.d.) Iðnlánasjóður stofnað sérstök eignarhaldsfélög, sem hafa yfirtekið fyrirtæki í greiðsluþrotum og með því afstýrt gjaldþroti. Þannig hafa þessir aðilar tryggt hagsmuni sína með eignayfirtöku og síðan eignasölu. Fróðlegt væri að skoða afleiðingar þessa og kosti í samanburði við gjaldþrotaleiðina. Í því sambandi mætti taka Akureyri sérstaklega fyrir en þar hefur Landsbanki Íslands valið þessa leið oftar en einu sinni. Hvaða áhrif hefur þetta haft á atvinnumál staðarins?

Hvað veldur þessum sveiflum á milli landshluta? T.d. voru 5 gjaldþrot á hverja 1,000 íbúa á Austurlandi, en 11,7 gjaldþrot á Vestfjörðum. Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru höfuðatvinnugreinar í báðum þessum landshlutum. Sömuleiðis er hægt að spyrja um einkenni gjaldþrota í Reykjavík samanborið við einkenni gjaldþrota á Vestfjörðum o.s.frv.?

Athugun á fylgni ýmissa hagstærða við gjaldþrot

Mynd 10 sýnir að gjaldþrot sveiflast nokkuð til á milli ára. Fróðlegt væri að skoða áhrif breytinga á nokkrum hagstærðum á gjaldþrot og rannsaka hvort fylgni sé þar á milli. Ætla verður að fylgni sé á milli gjaldþrota og vaxtamunar. Því er spurt hvort mikið útlánatap innlánsstofnana, sem síðan hafa leitt til verulegrar hækkunar á vaxtamun, hafi ekki leitt til enn frekari gjaldþrota félaga og einstaklinga? Á árunum 1987 - 1988 hækkuðu laun verulega, sem leiddi til breytinga á raungengi og vöxtum. Á næstu árum þar á eftir fjölgaði gjaldþrotum verulega og segja má að heilu iðngreinunum hafi hreinlega "blætt út".

Erfiðleikar fjármagnsmarkaðarins

Kreppa í bankakerfinu

Á sl. 15 árum hafa nokkur iðnríki lent í svo kallaðri bankakreppu, en segja má að þrátt fyrir erfiða stöðu í íslensku bankakerfi hafi eiginleg bankakreppa ekki gengið hér yfir. Engu að síður er forvitnilegt að skoða íslenska banka- og fjárfestingarlánakerfið í samanburði við þessi kerfi í öðrum löndum, sérstaklega með tilliti til bankakreppu, og leita skýringa á þróuninni hér. Í þessu sambandi má benda á sameiginleg alþjóðleg einkenni bankakreppu og að auki séreinkenni í einstökum löndum. Útlánatap hjá

Íslenskum bönkum, sparisjóðum og fjárfestingalánasjóðum hafa farið vaxandi á síðustu árum og valdið áhyggjum. Sama má segja um hin ríkin á Norðurlöndunum, þar sem tap hefur verið meira og svo mikið að vakið hefur eftirtekt á alþjóðavettvangi.

Framan af fór lítið fyrir útlánatapi á íslenska fjármagnsmarkaðinum. Verðbólgan jafnaði það bókhaldslega út og eyddi að verulegu leyti þeirri áhættu og þeim mistökum, sem gerð voru, en bitnaði hins vegar á sparifjáreigendum. Í framhaldi af þessu hafa verðtryggingar, raunvextir og ýmsar breytingar á fjármagnsmarkaðinum ásamt þrengingum í þjóðarbúskapnum valdið miklum breytingum.

Séreinkenni íslenskra innlánastofnana og fjárfestingalánasjóða

Flest þeirra sameiginlegu einkenna bankakreppu, sem fram hafa komið í nokkrum iðnríkjum, koma okkur kunnuglega fyrir sjónir. Segja má að þau hafi komið fram seinna hér á landi en annars staðar, sem ef til vil má rekja að einhverju leyti til stjórnvaldsaðgerða. Athygli vekur að verðfall á fasteignamarkaði hefur ekki þróast eins hér á landi og í þessum iðnríkjum, þar sem mikil uppsveifla í efnahagslífinu og útlánþensla á nýnda áratugnum leiddi af sér mikla fjárfestingu í íbúðar- og atvinnuhúsnæði og uppsprengt verð. Þessi uppgangur á fasteignamarkaði snerist síðan algjörlega við með niðursveiflunni í efnahagslífinu. Samdráttur og verðfall á fasteignamarkaði leiddi síðan til fjárhagserfiðleika hjá mörgum viðskiptamönnum bankanna og rýrnunar á verðtryggingum fyrir útlánnum með tilheyrandi útlánatapi. Fasteignamarkaðurinn þróaðist eins hér og í framangreindum iðnríkjum, þegar uppsveiflan átti sér stað á nýnda áratugnum. Aftur á móti hefur hann ekki brugðist eins við í niðursveiflunni. Verð á atvinnuhúsnæði hefur hér lækkað meir en verð á íbúðarhúsnæði og það lækkað minna en búast hefði mátt við. Hins vegar hefur verð á atvinnu- og íbúðarhúsnæði ekki lækkað hér í neinu samræmi við það sem gerðist í hinum löndunum.

Þegar útlánatap viðskiptabanka, sparisjóða og fjárfestingalánasjóða er skoðað kemur í ljós að sparisjóðir hafa tapað minna af sínum útlánnum en viðskiptabankarnir og tap íbúðalánasjóða er mun minna en annarra fjárfestingalánasjóða, þvert á það sem gerist í nágrannalöndunum. Útlánatap húsnæðislánasjóða er nærri undantekningarlaust vel innan við 0,2% hér á landi sl. tíu ár. Sparisjóðirnir hafa löngum lánað herra hlutfall til heimila og þá íbúðarhúsakaupa en viðskiptabankarnir.

Af þessu verður að álykta að útlánatap vegna heimila í landinu og vegna íbúðakaupa hafi verið óveruleg. Má leita skýringa í eftirtöldum staðreyndum?

- 1. Meira lánsfjármagn er í umferð, en geta lántaka segir til um, í gegnum húsnæðislánakerfið, m.a. með tilkomu húsbrefa.**
- 2. Greiðsluferfiðleikalán til heimila.**
- 3. Hlutfall félagslegra íbúða hátt, en um þær gilda sérstakar reglur við innlausn og endursölu, þ.e. innlausnarverð er verðtryggt og kaupskylda hvílir á sveitarfélögum.**

Hér er um opinberar aðgerðir að ræða með beinum áhrifum á markaðinn. Á sl. tíu árum hafa skuldir heimila aukist gífurlega eða 3,6 faldast að raungildi. Á sama tíma hafa skuldir atvinnuvega aukist um 56% að raungildi. Á tímabilinu 1983 til 1993 jukust skuldir heimila, sem hlutfall af landsframleiðslu, úr 23% 1983 í 64% 1993 eða nær þrefalt. Á sama tíma jukust skuldir atvinnuvega sem hlutfall af landsframleiðslu úr

64% í 82% eða um 28%. Skv. upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins nema greiðsluerfiðleikalán og vanskil við stofnunina, sem eru eldri en þriggja mánaða um sl. áramót, um 8 milljörðum króna eða um 5% af heildarútlánnum stofnunarinnar.

Þannig hafa heimilin í landinu komist í greiðsluerfiðleika sem nemur a.m.k. um 8 milljarða króna á síðustu árum. Í framhaldi af þessu er spurt hvort gjaldþrotahrina heimila sé eftir? Fróðlegt væri að sjá samanburð á gjaldþrotum einstaklinga frá 1987 í samanburði við það sem áður var.

Félagslega íbúðakerfið

Félagslega íbúðakerfið er orðið umfangsmikið og er vaxandi vandamál fyrir mörg sveitarfélög, sérstaklega á landsbyggðinni. Sem dæmi um slíkt er sveitarfélag með um 130 íbúðir, þar af eru 27 félagslegar íbúðir eða um 21% af íbúðum þess. Af þeim eru einungis 3 íbúðir í eigu einstaklinga, hinar eru í eigu sveitarfélagsins og standa þær auðar eða eru leigðar út. Samkvæmt þessu á sveitarfélagið um 18% af íbúðum í sveitarfélaginu. Samkvæmt upplýsingum sveitarstjóra þess er uppreiknað verð þessara óseldu íbúða um 207 millj. kr. og er það söluverð þeirra skv. gildandi lögum. Að mati sveitarstjórnarinnar þarf að lækka verð þessara íbúða um a.m.k. 60 millj. króna til að þær verði söluhæfar í kerfinu, og um 100 millj. kr. til að verð þeirra verði sambærilegt við almennt íbúðarverð í sveitarfélaginu. Þannig má ætla að eiginlegt útlánatap í íbúðalánakerfinu sé í raun meira en fram kemur í opinberum skýrslum. Skuldir sveitarfélaga vegna þessa hafa farið vaxandi og eru dæmi um að í óefni stefni. Telja verður nauðsynlegt að fá skýra mynd af þessu vandamáli hjá sveitarfélögum. Það mætti m.a. gera með því að afla upplýsinga um fjölda félagslegra íbúða í sveitarfélögum landsins. Kanna hversu margar íbúðir eru óseldar, framreikna verð þeirra, skv. lögum, áætla markaðsverð og skuldir sveitarfélaga vegna þeirra o. s. frv. Í þeim viðræðum, sem fram fóru við sveitarstjórnarmenn, komu fram verulegar áhyggjur þeirra fyrir hönd sveitarfélaganna vegna þessa. Af framanrituðu má vera ljóst að vandi heimilanna er mun meiri en fram hefur komið og þess vegna er full ástæða til að frekari rannsóknir fari fram vegna skulda þeirra og skulda sveitarfélaga, sem rekja má til félagslega íbúðakerfisins.

Er það rétt mat, að toppinum í útlánatöpum fyrirtækja hafi verið náð, en töp vegna heimila eigi eftir að aukast verulega? Þetta sjónarmið kom skýrt fram hjá ýmsum viðmælendum skýrsluhöfundar.

Afkoma íslenska bankakerfisins í samanburði við hin ríki Norðurlandanna.

Til að skoða frekar hvernig íslenska bankakerfið hefur komið út úr gjaldþrotahrinunni samanborið við önnur lönd, er ekki óeðlilegt að bera saman ríki Norðurlanda með tilliti til skyldleika þeirra. Á margan hátt eru hagkerfin svipuð og sömuleiðis starfshættir lánakerfa í þessum löndum. Tímabilið 1987 til og með 1993 var skoðað. Ef útlánaafskriftir eru skoðaðar sem hlutfall af útlánnum og ábyrgðum kemur í ljós að þetta hlutfall vex hér á landi sjöfalt frá upphafi tímabilsins til loka þess. Fyrir þetta tímabil var hlutfallið vel innan við 0.5% og því hefur það litla þýðingu að fara aftur fyrir árið 1987. Hlutfallið vex margfalt meira t.d. í Svíþjóð, þar sem það 15 faldadist. Bankakerfið hér á landi er ekki að öllu leyti eins, þar sem að hér eru stofnlán að meginhluta veitt úr sérstökum fjárfestingarlánasjóðum, en þeir eru að mestu reknir af